

## Fundargerð félagsfundar-04 Vatns- og fráveitu- félags Íslands, Aðalfundur VAFRÍ 2014

Haldinn: Stofa 101 í háskólatorgi

Tími: 8. apríl 2014 kl. 15:00-16:30

Fundarstjóri: Sigurður Magnús Garðarsson, deildarforseti umhverfis- og byggingarverkfræðideildar HÍ

Þátttakendur: Boðaðir félagsmenn.

### Dagskrá:

#### 1. Setning fundar og kjör fundarritara.

Sigurður Magnús Garðarsson setti fundinn og stakk upp á að Sigurbjörn Búi Sigurðsson yrði fundarritari og var það samþykkt.

#### 2. Erindi: „Hreinsun frárennslis á köldum svæðum“, Reynir Sævarsson.

Greint var frá kortlagningu á helstu aðferðum í líffræðilegri hreinsun frárennslis sem eru í notkun erlendis aðrar en þær hefðbundnu sem krefjast mikils vélbúnaðar. Aðferðir eins og tjarnahreinsun, jarðefnasíun og votlendishreinsun eru almennt taldar ódýrari en vélrænar aðferðir og hafa sýnt góða skilvirkni. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna 2013.

#### 3. Erindi: „Orka í vatns og fráveitum“, Sveinn Þórólfsson.

Dagur vatnsins 2014, 22 mars, var helgaður samspili vatns og orku, og nýjum leiðum til að tryggja orku og endurnýjun vatns af Sameinuðu Þjóðunum. Fjallað var um orkusparnað með því að minnka rennslis og leka úr kerfum. Einnig voru kynntar leiðir til framleiðslu á orku í vatns- og fráveitum, t.d. beislun vatnsorku í kerfum með miklum vatnsþrýstingi, og virkjun sólar- og vindorku. Talið er að megi spara megi 20-30% af orkunotkun með þessum aðferðum í Noregi.

#### 4. Aðalfundarstörf VAFRÍ

##### a. Skýrsla stjórnar.

Hrund Andradóttir, Formaður VAFRÍ, las upp skýrslu formanns sem fjallar um sögu félagsins, fjölda félaga, markmið með félaginu og áherslur stjórnar á árinu 2013-2014. Greint var frá félagsviðburðum síðasta árs, þáttöku stjórnar í þjóðfélagsumræðu, uppfærslu vefsíðu félagsins, og innheimtu félagsgjalda.

**b. Endurskoðaðir reikningar félagsins.**

Íris Þórarinsdóttir las upp Rekstrarreikning VAFRÍ 2013-2014. Eignir félagsins voru 73 þkr. árið 2012. Rekstrarniðurstaða og eignir í lok árs 2013 voru 65 þkr. í peningum.

**c. Kosning stjórnar**

Eftirtaldir aðilar gáfu aftur kost á sér í stjórn VAFRÍ:

Hrund Ó. Andradóttir, dósent við HÍ  
Íris Þórarinsdóttir, fagstjóri fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur  
Sigurbjörn Búi Sigurðsson, tæknistjóri kalda vatnsins hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Dagur Jónsson, Vatnsveitustjóri, Vatnsveitu Hafnarfjarðar og Jónas Elíasson, rannsóknaprófessor, HÍ gáfu ekki kost á sér áfram.

Í staðinn samþykktu eftirfarandi aðilar að ganga inní stjórn

María Jóna Gunnarsdóttir, sérfræðingur á Vatnaverkefrafæðistofu, HÍ.  
Gunnar Steinn Jónsson, líffræðingur.

Þessi 5 manna stjórn var samþykkt samhljóða af fundargestum. HRUND lagði til að stjórn myndi halda stjórnafund fljótlega þar sem hún með skipta með sér verkum.

**d. Kosning skoðunarmanns til eins árs í senn.**

Lagt var til að skoðunarmaður með félaginu yrði áfram Hilmar Sigurðsson, var það samþykkt samhljóða.

**e. Ákvörðun á félagsgjöldum.**

HRUND lagði til að félagsgjöld yrðu áfram 2000 kr á einstakling, en jafnframt væri boðið upp á fyrirtækjaaðild, þar sem fyrir tæki undir 20 heildarstarfsmanna myndu greiða 10.000 kr í árgjald og stærri fyrirtæki myndu greiða 20.000 í árgjald. Fyrirtækjaaðild hefur einfaldað innheimtu hjá fyrirtækjum með marga starfsmenn. Var sú tillaga samþykkt samhljóða af fundargestum.

**f. Önnur mál.**

Ekki voru rædd önnur mál.

Fundi var lokið um kl. 16.30

Fundarritari: Sigurbjörn Búi Sigurðsson, [sigurbjorn.bui.sigurdsson@or.is](mailto:sigurbjorn.bui.sigurdsson@or.is)